

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018, ný og breytt iðnaðarsvæði Norður-Botni, efnistökusvæði Hálfháni.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 14. júlí 2014 breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 sem samþykkt var í sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þann 13. maí 2014.

Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði er breytt í 4 iðnaðarsvæði I9-12, alls um 7 ha að stærð undir heitavatsborholur, smávirkjun og fiskeldi. Á iðnaðarsvæði I3, sem stækkað er í 22 ha, er gert ráð fyrir fiskeldi, allt að 400 t ársframleiðslu. Jafnframt er óbyggðu svæði breytt í efnistökusvæði E5 um 4 ha að stærð. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 14. júlí 2014.*

F. h. forstjóra,

**Hafdís Hafliðadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*